

Hvalfjarðarsveit  
b/t Bogi Kristinsson Magnúsen  
Innrimel 3, Melahverfi  
301 Akranes

Reykjavík, 18. desember 2019  
UST201912-047/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008 -2020 og nýtt deiliskipulag fyrir Dragháls og Draghálsvirkjun**

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 3. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008 -2020 og á nýju deiliskipulagi fyrir Dragháls og Draghálsvirkjun.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst í að hluti opna svæðisins til sérstakra nota verður breytt í landbúnaðarland. Auk þess kemur fram að vatnsaflsvirkjanir með rafafl að hámarki 200 kW eru heimilar á skilgreindum landbúnaðarsvæðum, að undanskildum þeim svæðum sem eru á náttúruminjaskrá eða falla undir ákvæði 37. gr. laga um náttúruvernd (skv. 61. gr. núgildandi náttúruverndarlaga nr. 60/2013). Einnig kemur fram að deiliskipulagstillagan mun skilgreina byggingarreitir fyrir stöðvarhús, stíflu og inntaksmannvirki sem og lega fallpípu og aðkomuvegar. Auk þess um tillagan gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem þegar er búið að fara í og þeim sem fyrirhugaðar eru, auk skilmála um frágang svæðisins.

Í greinargerð kemur fram að nú þegar er búið er að reisa 8,3 kW vatnsaflsvirkjun í Draghálsá án tilskilinna leyfa í mynni Grafardals og því er lítur Umhverfisstofnun svo á að tilgangur tillögunnar sé m.a. að festa í sessi þær framkvæmir sem þegar hafa verið unnar.

#### **Sérstök vernd**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Náttúrufræðisstofnun Íslands serstokvernd.ni.is er votlendi á framkvæmdasvæðinu sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í gildandi aðalskipulagi segir að vatnsaflsvirkjanir eru heimilar á skilgreindum landbúnaðarsvæðum, að undanskildum þeim svæðum sem falla undir ákvæði 37. gr. laga

um náttúruvernd (skv. 61. gr. núgildandi náttúruverndarlaga nr. 60/2013) og verður því ekki séð að tillagan sé í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvernig hún samræmist ákvæðum laganna.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. Í greinargerð kemur fram að búið er að reisa vatnsaflsvirkjun án tilskilinna leyfa og því má gera ráð fyrir að ekki liggi fyrir framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

Umhverfisstofnun bendir á að ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvirkja sem verða fyrir röskun.

### Vistgerðir

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að vistgerðir sem finnast á svæðinu eru skv. Náttúrufræðistofnun Íslands starungsmýrarvist sem er með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014.

Umhverfisstofnun telur að vegagerð, stífla, aðrennslispípa og lón muni hafa neikvæð áhrif á vistgerðir á svæðinu, hins vegar með góðum frágangi er líklegt að gróður nái að jafna sig að nýju að framkvæmdum loknum.

## Bakkagróður

Umhverfisstofnun telur að stífla virkjunarinnar og uppistöðulón muni hafa neikvæð áhrif á bakkagróður Draghálsár. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.


## Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er að unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósvatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.


Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar sem hér um ræðir hefur er áin er hún hefur lónið vatnshlotsnúmerið 104-468-R Draghálsa 1 undir stjórn vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Umhverfisstofnun bendir á að virkjunin mun valda vistformfræðilegu álagi á lífríki árinna.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur